




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 11 — JÚLÍ '79



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059
Gjaldkeri: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599
Ritari: Ingvar Teitsson, s. 44878, vinna 81200-235
Varaform: Helgi Benediktsson, s. 21027, vinna 12045
Meðstjórn: Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Magnús Guðmundsson, s. 30214

Ritnefnd:

Ábyrgðarm: Ingvar Teitsson
Aðrir í Einar Steingrímsson
ritnefnd: Magnús Guðmundsson
Sighvatur Blöndahl, s. 44689, vinna 10100
Snorri Egiðsson, s. 31293

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694, Einar Steingrímsson,
Guðjón Ó. Magnússon, Torfi Hjaltason, s. 24726

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson, Magnús Daniélsen, s. 37227,
Sighvatur Blöndahl

EFNI Í BLAÐINU:	bls.
Frá stjórninni.....	3
Félagsstarfið.....	4
Á tindi McKinley.....	6
Leiðarvísir ÍSALP No 5 - Tindfjallajökull - seinni hluti.....	8
Ísklifurgráður.....	15
NV-hlíð Tindsins.....	17
Flugbjörgunarsveitin á faraldsfæti.....	18
Skíðaferð á Gígjökul.....	24
Bjargað úr N-hlíð Eiger.....	27
Jöklaskálar.....	29
Ferðir og fundir ÍSALP.....	30

Forsíðumyndin: Tindur McKinley-fjalls (6194 m) og búðir II í forgrunni. Ljósmynd: Arngrímur Blöndahl (Sjá: „Á tindi McKinley“)

Offsetvinna: Repró

Prentun: Formprent sf.

Frá stjórninni:

Með þessum orðum er 11. heftinu af riti ÍSALP fylgt úr hlaði. Ritið er nú eins og lesendur þess þekkja, að fá á sig nokkuð ákveðinn svip. Vinnsla þess miðar öll að því að halda úti sem ásjálegustu blaði mót sem minnstum beinum kostnaði. Þannig ber nú meir á auglýsingum í 11. heftinu en hinum fyrri. Er það bein afleiðing af því að Alpaklúbburinn er fámennur og févana en útgáfa blaðs af þessu tagi er dýr. Stjórn klúbbsins vill hér með ítreka þakkir sínar til þeirra, sem veita blaðinu fjárhagslegan stuðning. Okkur er vel ljóst, að auglýsingar í blaðinu hafa lítið gildi sem slíkar, hér erum hreinan fjárstuðning að ræða. Vill stjórnin jafnframt hvetja klúbbfélagana til að skipta við auglýsendurnar, þeir verskulda það að okkar mati ótvírætt.

"Opna húsið" á miðvikudögum að Grensásvegi 5 hefur valdið okkur nokkrum vonbrigðum. Þar hefur mæting yfirleitt verið léleg, þótt stöku sinnum hafi verið fjölmennt. Vegna þessa verður nú horfið að því að hafa fasta dagskrá, stærri eða smærri öll miðvikudagskvöld. Verður dagskráin jafnan auglýst fyrirfram. Eru félagar enn hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Stjórn ÍSALP vill biðja félagan að hjálpa til, hvern í sínu lagi, við að auglýsa Alpaklúbbinn og starfsemi hans út á við. Sama gildir um öflun nýrra félaga. Klúbburinn getur því aðeins þrífist til langframa, að stöðug endurnýjun eigi sér stað. Sífellt eru einhverjir að missa áhugann og detta út. Í þau skörð verður að fylla, ella getur klúbburinn ekki þrífist í núverandi mynd, hvað þá fært út kvíarnar frá því sem nú er í þá átt að hvetja fólk og hjálpa til erfiðari fjallaferða og úti-vistar yfirleitt.

Enn sem fyrr vill ritnefnd blaðsins hvetja félagana til að skrifa. Efnið þarf ekki að einskorðast við fjallamennsku, þótt mest beri ætíð á slíku efni í blaðinu. Pistlar um athyglisverða staði, útbúnað, ferðamennsku, erlendar fréttir, svo og ferðafrásagnir - allt slíkt væri vel þegið.

Góða ferð í sumarleyfið.

Ingvar Teitsson

Félagsstarfið

Eyjafjallajökulsferðin, sem vera átti 4.-6. maí, féll niður vegna þátttökuleysis.

Félagsfundur var haldinn 16. maí á Grensásvegi 5. Ari Trausti Guðmundsson flutti mjög athyglisvert og gott erindi um Fjallamenn, sýndi einnig ljósmyndir og fjallabúnað úr eigu föður síns, Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Þá sýndi Pétur Þorleifsson litskyggjur frá ýmsum svæðum landsins, m.a. frá uppsetningu skála við Fjallkirkjuna á Langjökli og frá austanverðum Vatnajökli. Húsfyllir var á fundinum.

Hekluferðinni var breytt í Botnssúlnaferð, sem var farin laugardaginn 19. maí í ágætisveðri. Ekið var að Svartagili í Þingvallasveit, gengið þaðan upp hjá Syðstusúlu. Þar var skipt liði, sumir gengu á Syðstusúlu, aðrir fóru norður að Háusúlu og upp lítt troðnar slóðir norðan í Háusúlu. Var þar fyrst farið upp snjólænu nyrst í vesturhlíðinni, svo upp snarbrattan kafla á móti norðri, snjóklifur af 2. gráðu. Var þá komið upp á slakka norðan við hátindinn. Svo var farið niður suðurhrygginn. Að lokum fóru nokkrir í ís- og snjóklifur norðan í Syðstusúlu, austan hryggjarins milli Mið- og Syðstusúlu. Var farið þar upp tvær lænur, samsíða. Önnur lænan (sú eystri) var snjóklifur, hin var að miklum hluta ísklifur (um 60 m hátt) í allt að 80° bratta - 3. gráðu ísklifur. Þátttakendur voru 11, fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Gígjökulsferðin var farin helgina 16.-17. júní. Eftir alls konar tafir við að komast af stað, var ekið austur og slegið tjöldum undir Grýttutindi. Eftir það var farið í Gígjökul og æfð beiting brodda og axar. Torfi, Hreinn og Snævar fóru þó strax upp Gígjökul, upp hjá Vestari-Skolti, þaðan út. jökulinn hjá Skerjahrygg og svo niður að tjöldunum. Veður var leiðinlegt framan af, þungrbúið og rigning, en stytti upp um kvöldið. Blíðskaparveður var um nóttina.

Morguninn eftir byrjaði að rigna, þegar haldið var inn í Gígjökul á ný. Var þó verið þar við æfingar fram yfir hádegi, m.a. farið í notkun línu í ís og jökli. Þátttakendur voru 13, fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Klifurferð í Stardalshnúk var farin sunnudaginn 24. júní í sól og blíðskaparveðri. Dvalið var lengi dags við hnúkinn, þar sem aðstæður til klettaklifurs eru með því besta, sem hér gerist. Þátttakendur voru átta, fararstjóri Björn Vilhjálmsson.

Ingvar Teitsson



Í Botnssúlum sunnan undir Háusúlu: Miðsúla t.v. og Syðstasúla t.h.

Esjufjallaferðin var farin dagana 2.-8. júní. Þátttakendur voru fjórir, Guðjón Ó. Magnússon fararstjóri, Þór Ágisson, Björn Vilhjálmsson og Magnús Guðmundsson. Tilgangur ferðarinnar var að kanna Esjufjöll og Suðursveitarfjöll með tilliti til klifurs, bæði í ís og bergi.

Farið var austur á Breiðamerkursand laugardaginn 2. júní með áætlunarbílnum. Öxluðu menn þar byrðar sínar og gengu um eins km langan spotta að Breiðá, bragga Jöklarannsóknafélagsins. Þar var síðan gíst um nóttina. Veður hafði verið þungbúið á laugardag, en á sunnudagsmorgun létti til. Þá voru baggarnir settir á bakið og gengið inn að jökli, 4 km spotti, og sigu þá pokarnir í hjá þeim sem þyngst höfðu að bera (um 40 kg). Við jökulrönd var hægt að setja stærri hluta farangursins á snjópotuna, og varð yfirferðin þá auðveldari. Var gengið sem leið lá spölkorn upp með Mávabyggðarönd, þá yfir að Esjufjallarönd og upp með henni í Esjufjöll. Jökullinn var greiðfær, en velja varð leið m.t.t. snjópotanna. Í Esjufjallaskála var komið eftir rúml. 11 klst. göngu frá Breiðá, síðustu 7-8 kílómetrana var

gljúpur snjór og krapí. Komu þar skíðin í góðar þarfir nema fyrir Björn, sem var skíðalaus.

Að morgni mánudags var sól og svo mikil birta og breiskjuhiti, að mönnum var varla vært utan dyra klæðlausum. Var þá ákveðið að fresta könnunarferðum til kvölds, en halda kyrru fyrir innan dyra yfir hádaginn. Upp úr miðnætti var lagt af stað upp að Snók, 1304 m háum tind í Esjufjöllum, óklifnum það best er vitað. Reyndist leiðin þangað næsta torfær gangandi manni, því menn sukku í snjóinn upp að hné í öðru hvoru spor í og stundum dýpra. Þegar að Snók kom reyndist bergið gersamlega óhæft til klífurs, líktist bergið helst brauði með myggclublettum hér og þar. M.ö.o. var það svo laust, að menn treystust ekki til að hætta þar lífi sínu. Snókur bíður því enn ósigraður.

Ákveðið var, þegar niður í skála kom, að snúa niður úr Esjufjöllum og halda í Skaftafell. Þessari ákvörðun ollu hinar slæmu aðstæður, mikill krapí, svo að allar ferðir voru miklum erfiðleikum bundnar. Lagt var af stað niður á Breiðamerkursand á miðnætti á þriðjudag og að Breiðá var komið kl. 06 á miðvikudagsmorgun. Síðan var farið með rútunni í Skaftafell og komið þangað á hádegi. Þá var veður hið besta, eins og raunar hafði verið allan tímann. Eftir þetta gerðist fátt markvert, heimferðinni var flýtt af ýmsum orsökum og til Reykjavíkur komu ferðafélagarnir á föstudag 8. júní.


Magnús Guðmundsson

Á tindi McKinley

Íslenskur fjallgöngumaður stóð fyrsta sinni á tindi Mount McKinley, hæsta fjalls Norður-Ameríku, 6194 m, fimmtudaginn 21. júní sl., en það var Arnór Guðbjartsson, einn leiðangursmanna úr íslenska McKinley-leiðangrinum, sem hafði þá verið á fjallinu í tvær vikur.

Hinir leiðangursmennirnir, sem ekki náðu tindinum, voru þeir Sighvatur Blöndahl, sem varð að snúa við eftir viku á fjallinu, slasaður á hné, og þeir Arngrímur Blöndahl og Helgi Benediktsson, sem urðu hinn alræmdu fjallaveiki að bráð, þar sem þeir voru komnir í hæstu búðir í um 5200 m hæð.

Arngrímur og Helgi höfðu við heimkomuna til Íslands í síðustu viku júnímánaðar alveg náð sér af veikinni og þökkuðu þeir það því,



Arnór Guðbjartsson: Við fætur hans má sjá McKinley-leiðarvísi

við. Þá var aðeins nauðsynlegasti búnaður og lágmarksmatur tekinn og skíðin skilin eftir.

Ferðin hófst með því, að flogið var frá smábænum Talkeetna upp á Kahiltna-jökul. Eftir jöklinum var svo ferðast um 15 km leið áður en farið var að takast á við hinn raunverulega bratta. Búðir á leiðinni voru alls sjö talsins. Sama leið var svo farin til baka.

að þeir sneru þegar við, þegar þeir urðu þess áskynja, að þeir hefðu tekið veikina. Annars lýsir fjallaveiki sér í því, að vökvi safnast inn á lungu og jafnvel heila manna. Má í því sambandi geta þess, að árlega verður nokkur fjöldi fjallgöngumanna svo illa fyrir barðinu á veikinni, að þeir bíða þess jafnvel ekki bæturs.

Meðan á ferðinni stóð, voru veður mjög misjöfn, allt frá því að vera 30 stiga hiti í sólinni á daginn og niður í 40 stiga frost á tindinum. Vindar voru og miklir á köflum, og þurftu leiðangursmenn að hínast í tjöldum sínum tvo sól-arhringa vegna veðurs.

Í upphafi ferðar var hver maður með um 70 kílóa farangur, sem var selfluttur milli búða fyrri hluta ferðar, þegar ferðast var um Kahiltna-skriðjökulinn við rætur fjallsins. Þegar brattinn fór að aukast, var ákveðið að hætta selflutningum. Var þá komið í um 4000 metra hæð, en þar sneri Sighvatur

Sighvatur Blöndahl

Leiðarvísir ÍSALP:

No 5: TINDFJALLAJÖKULL

seinni hluti

Í seinasta hefti ÍSALP (No 10) var Tindfjallajökulssvæðinu lýst í grófum dráttum. Einnig var þar lýst sjö einstökum leiðum á svæðinu. Kort það, sem þar fylgdi, sýnir allar lengri leiðirnar, þ.á m. leiðir No 8 og 9, sem lýst er í þessu hefti. Hér fylgir kort af miðhluta svæðisins, sýnir nokkrar af styttri leiðunum, sem lýst er í báðum hlutum leiðarvísisins. Hér á eftir fer lýsing leiða No 8-12, einnig minnst á fleiri möguleika.

Meinleg villa slæddist inn í fyrri hluta leiðarvísisins. Á bls. 8 segir, að Tindfjallasel sé „rétt norðaustan undir Smáfjöllum.“ Hér á að standa „rétt norðvestan undir Smáfjöllum.“

No 8: Gilsárleið:

Svipmikil gönguleið frá mynni Gilsárgljúfurs sunnan á Tindfjallajökul (og í Efstaskála). Fyrst og fremst sumarleið.


Lofthlína: Um 13 km.

Lóðrétt hækkun: 950 m (í Búriskarð).

Áætlaður göngutími: Drjúg dagleið, um 7-10 klst.

Ekið er austur frá Fljótsdal, sunnan í Þórólfsfelli og austur að mynni Gilsárgljúfurs (jeppafært á sumrin). Þaðan er gengið upp með Gilsá að vestan. Framan af er þetta hæg leið, jafnt á fótinn. Um 3-4 km upp með gljúfrinu er hnúkur á vesturbarmi þess, Hestur, 549 m. Þar sunnan undir gengur þvergil, Hestgil, vestur úr Gilsárgljúfrinu. Gengið er upp vestan við Hestgil, svo tekin stefnan upp vestan undir Botnöxl, 645 m. Austan undir Hesti mun hægt að brölta yfir Gilsárgljúfur. Er þaðan skammur vegur (2 km) til ASA í skálann á Einhyrningsflötum. Þannig mætti einnig ganga á Tindfjallajökul frá Einhyrningsflötum. Yrði þá komið inn á Gilsárleið vestan við Hest.

Vestan undir Botnöxl er beygt til V, norðaustan í Tindfjallara, og gengið til NV austan undir Tindinum upp að jökulröndinni í rúmlega 1000 m hæð. Hér skal þess gætt að halda sig vel uppi í hlíðinni (sjá mynd á bls. 10) til að sleppa við allmörg þvergil, er ganga út frá gili Vestri-Botnaár. Frá jökulröndinni austan undir



Tindfjallajökull: Helstu klifursvæðin við sunnan- og vestanverðan jökulinn

Hornklofa er stutt upp á hájökulinn. Greiðfært er hér upp í Búraskarð, þaðan í Efstaskála, sjá leiðir No 2 og 3 í fyrri hluta leiðarvísisins.

No 9: Þórsmerkurleið:

Gönguleið úr Fljótshlíð yfir Tindfjallajökul um Emstrur til Þórsmerkur. Leiðin opnaðist fyrst haustið 1978. Hentug helgarganga um fjölbreytilegt landsvæði, allt frá jökultindum til skógarlunda.

Áætluð vegalengd: 35-40 km úr Fljótsdal í Skagfjörðsskála.

Lóðrétt hækkun: 1340 m (úr Fljótsdal upp á Ými).

Áætlaður göngutími: Um 3 klst. úr Fljótsdal í Efstaskála, þaðan 7-9 klst. í Emstruskála, þaðan 4-6 klst. í Skagfjörðsskála.

Bratt er og stundum sprungið kringum hesta hluta leiðarinnar á Tindfjallajökli. Er því öruggara að hafa jöklalínu og ísöxi meðferðis. Bent skal á, að leiðin yfir Tindfjallajökul er oft ófær vegna dimmviðris. Er því valt að treysta á, að hægt sé að fara þessa leið eftir almanaki.

Lagt er upp úr Fljótsdal, t.d. undir kvöld, er þá gist í Tind-



Gilsárleið í NA-hlíð Tindfjalla. Eyjafjallajökull í baksýn.

fjallaskála, sjá leið No 1. Frá skálanum er svo gengið upp á Tindfjallajökul, allt upp á Ými, sjá leiðir No 2 og 6. Af Ými er gengið niður í skarðið milli Ýmis og Ýmu. Þaðan er haldið niður af jöklinum til NA, fyrst út á lágan koll, skammt norðan undir Ýmu. Af kollinum er brölt niður með suðurjaðri skriðjökulsins, sem fellur austur norðan Ýmis og Ýmu. Er þar allbratt niður í gil Eystri-Botnaár. Nálægt jökulsporðinum er farið austur yfir ána, sem veltur hér, oft kolmórauð, undan skriðjöklinum. Eftir það er stefnt austur á bóginn, eru um 5 km frá Eystri-Botnaá að nýju brúnni yfir Markarfljót, rétt neðan gamla kláfsins suðvestur frá Hattfelli. Er hér gengið sunnan í Lifrarfjöllum, síðan um lág holt og ása uns komið er að Markarfljóti. Farið er norður yfir Markarfljótsbrúna og svo austur með fljótinu, sem fljótlega beygir til suðurs í hin hrikalegu Markarfljótsgljúfur. Nú er orðið stutt í Emstruskála Ferðafélags Íslands, sem stendur í gildragi norður frá Syðri-Emstruá, um 1,5 km SSV frá strýttunni Tudda.

Frá Emstruskála er gengið til SSA að brúnni yfir Syðri-Emstruá. Eftir það er þægileg gönguleið um Almenna til Þórsmerkur, t.d. um Hamraskóga og botn Húsadals yfir í Skagfjörðsskála í Langadal.



Horft til Tindfjalla frá suðvestri: Leið No 10 er teiknuð inn á hæstu eggjarnar.

No 10: Að Tindi norðan frá:

Skemmtileg og falleg leið, einkum að vetri.

Áætluð vegalengd: 5 km.

Lóðrétt hækkun: Mishæðótt leið, sífellt farið upp og niður.

Mest hækkun úr Skíðadal upp á Hornklofa, um 420 m.

Áætlaður göngutími: 2,5-3,5 klst. upp að Tindi. Auk þess má ætla 1-2 klst. í klifrið upp og niður Tindinn.

Að vetrarlagi eru mannbroddar og ísöxi ætíð nauðsynleg. Á sjálfan Tindinn þarf auk þess línu og fleyga, ísskrúfur og etv. snjóankeri.

Frá Efstaskála er gengið austur í Skíðadal, sjá leið No 2. Hér er skemmtilegt að klifra til SA upp úr dalbotninum, upp í skarðið milli Gráfells og Hornklofa. Er síðan klifið upp SV-hrygginn á Hornklofa. Þetta er þægilegt klifur, ca. 1. gráða (sjá grein um snjó/ís-klifurgráður í þessu hefti). Brattinn er óvíða yfir 45°. Af Hornklofa er fylgt tindaröðlinum til SA að Tindi. Er það sæmilæga greiðfært, bratti óvíða meiri en 35°. Á þessari leið er háegginni fylgt víðast hvar, gæta ber þó að hengjum og snjóflóðahættu í hlíðunum. Telja má leið þessa eina þá fallegustu á Tindfjallajökulssvæðinu. Víðsýnt er og hrikalegt, bæði austur og vestur af hryggnum. Landslagið minnir nokkuð á Alpna, þótt í smækkaðri mynd sé.

Tindur 1251.



Norðurhlið Tindsins: Upphaflega leiðin er teiknuð inn á.

Norðurhlið Tindsins er talin erfiðari en suðurhliðin, trúlega ófær að sumri til. Bestu aðstæðurnar yrðu seinni hluta vetrar og að vori til, í ís og harðfenni. Þessi hlið Tindsins var fyrst klifin, svo vitað sé, í apríl 1979, sjá: „NV-hlið Tindsins“ hér annars staðar í blaðinu. Klifrið er um 80 m hátt, meðalhalli 55° , tvö höft þó um 70° brött. Telja má þetta 3ju gráðu snjó/ís-klifur. Lagt er upp frá lögð í háhryggnum, rétt norðan undir Tindinum. Er þá fyrst farið yfir í bratta austurhlíðina, síðan upp klettahaft, oft ísi lagt. Er þá komið upp að klettaranum, þaðan haldið upp snjólænu norðan í Tindinum, sem liggur upp á þæta kellingu.

No 11: Að Tindi sunnan frá:

Skemmtileg vetrarleið, seinfarin.

Áætluð vegalengd: 7 km.

Lóðrétt hækkun: Um 300 m lækkun frá Efstaskála niður í gil Þórólfsár. Þaðan 700 m hækkun á Tindinn.

Áætlaður göngutími: 4-6 klst. úr Efstaskála upp að Tindi. Auk þess má ætla 1-2 klst. í klifrið upp á Tindinn.

Gengið er frá Efstaskála suður með Bláfelli að vestanverðu. Síðan er gengið austur með rótum Bláfells að sunnan uns komið er að gili því, sem kemur fram úr Skíðadal. Er þetta jafnframt vestari hlutinn af gili Þórólfsár. Svo er brólt austur yfir gilið, komið upp í suðurrætur Gráfells. Torfært er yfir gilið, og má það heita ófært á köflum. Þegar komið er upp úr gilinu, er haldið til austurs sunnan undir Gráfelli og stefnt á hrygg, sem gengur til suðurs frá Tindinum. Síðan er haldið upp hrygginn, stefnt upp að SA-rótum Tindsins. Hér getur verið þörf á að tryggja síðasta spölinn upp, ef snjólagið er slæmt.

Auðveldara afbrigði af þessari leið væri að fara fyrst upp á hrygginn milli Gráfells og Hornklofa, eins og lýst er í leið No 10. Þaðan væri svo gengið suður vesturhlíð Tindfjalla, ofan við gilbotna, allt suður á hrygginn suður frá Tindi, sjá hér að ofan.

Farið er upp Tindinn að suðaustan. Er það um 80 m hátt klifur, fært bæði vetur og sumar, en mun auðveldara í hjarni og ís. Er þetta ca. 2.-3ju gráðu snjó/ís-klifur. Að sumarlagi er fátt um góðar tryggingar, bergið yfirleitt laust.

No 12: Bláfell - Selgil:

Stutt og skemmtileg fjallaskíðaleið, suðvestur af kolli Bláfells. Sérlega hentug, ef dvalið er í Tindfjallaseli.

Loftlína: 2 km (úr Tindfjallaseli upp á Bláfell).

Lóðrétt hækkun: 300 m.

Áætlaður göngutími: 45 mín. (upp á Bláfell).

Bláfell (Stóra-Bláfell), 1001 m y. sjó, er ávöl hæð, suðvestan við Skíðadal. Gengt er á fellið hvar sem er. Hér skal mælt með að ganga frá Tindfjallaseli austur með suðurrótum Bláfells. Er svo gengið upp fellið að sunnan. Fæst þá fallegt útsýni suður til Eyjafjallajökuls. Einnig sér inn í Skíðadal.

Af kolli Bláfells er hægt að renna sér sjónhendingu suðvestur af fellinu, niður með gilslakka, sem þar er. Má oft fá samfellt rennsli niður í Selgil, rétt norðan undir Tindfjallaseli.



Horft til N frá Ými, til Ásgrinda og Heklu.

Hér að ofan hefur verið lýst nokkrum helstu leiðum, sem þekktar eru á Tindfjallajökulssvæðinu. Auðvitað er upptalningin ekki tæmandi. Til viðbótar má nefna marga möguleika, ekki síst á snjó- og ís-klifri. Hér er enn margt ógert. Sér í lagi er völ á fjölbreytilegu klifri vestan og sunnan í Hornklofa. Hér má auk vetrarklifurs fá bergklifur að sumri til í dröngum og berggöngum. Einnig eru margar lænur vestan í hryggnum suður frá Hornklofa, suður fyrir Tindinn, sem bjóða upp á skemmtilegt klifur að vetri til.

Af öðru klifri mætti nefna leiðir norðan í Saxa og Ými. Er þetta fyrst og fremst snjó- og ís-klifur, yfirleitt ekki mjög bratt.


Auk þeirra gönguleiða, sem þegar hafa verið nefndar, mætti nefna göngu á Haka, t.d. yfirlitsferð að kvöldlagi frá Efstaskála. Mætti þá ganga austur frá skálanum og upp á Haka að suðvestan. Af Haka fæst dágóð yfirsýn yfir svæðið suðvestan Tindfjallajökuls. Að vetri og vori til mætti svo renna sér á fjallaskíðum norður í Hakaskarð og þaðan heim í skála, sbr. leið No 3.

Skemmtileg leið er að fara kringum Bláfell, t.d. frá Efstaskála. Mætti þá fara austur í Skíðadal og niður gilið suðvestur úr dalnum uns komið er sunnan í Bláfell, þar sem beygt yrði upp úr gilinu til vesturs. Gilið er þarna víða mjög fallegt og sérkennilegt.

Ingvar Teitsson
Guðjón Halldórsson

Rúnar Nordquist
Magnús Hallgrímsson

Ísklifurgráður



Skessuhorn: NA-hryggurinn að vetrarlagi er gott dæmi um 2. gráðu ísklifur.

Hér á landi er það ört vaxandi íþrótt að stunda snjó- og ís-klifur. Til að gera mönnum aðgengilegra að stunda snjó/ís-klifur, taldi stjórn ÍSALP rétt, að komið yrði á gráðukerfi, þar sem ísklifurleiðir mundu flokkaðar eftir erfiðleikum. ÍSALP hefur um nokkurt skeið lýst leiðum á fjöllum með leiðarvísi ÍSALP og nú munu einnig verða teknar með klifurleiðir. Ætti slíkt að stuðla að framförum á þessu sviði.

Til þess að hægt sé að lýsa leiðum á hin ýmsu fjöllum (t.d. Esju, Botnssúlur ofl.) þurfa ÍSALP-félagar að láta vita af þeim klifurleiðum, sem þeir fara. Skiptir þá

engu máli, hvort um er að ræða léttu leið eða erfiða, allar upplýsingar eru vel þegnar. Menn skyldu þá hafa samband við okkur undirritaða: Guðjón Ó. eða Magnús.

Það gráðukerfi, sem hér er kynnt, er unnið að mestu út frá skoska kerfinu, þ.e.a.s. því gráðukerfi, er notað er í Skotlandi á snjó- og ís-klifurleiðir. Það er mjög einfalt, en gráðurnar eru frá 1-6 og erfiðleikarnir eru því meiri sem talan er hærri. Snjó/ís-leið telst sú klifurleið, sem er að mestu eða öllu leyti á snjó eða ís. Klettaklifur í sinni venjulegu mynd á leið, sem annars er ísklifurleið, reiknast ekki með, þegar fundin er erfiðleikagráða leiðarinnar. Gráðurnar eiga aðeins við snjó- og ís-klifur.

Skriðjökklar falla utan þessa ramma, þar sem þar er um að ræða mjög breytilegar leiðir og taka þarf með í reikninginn hluti eins og jökulsprungur og íshrun, sem ekki er hægt að flokka beint undir tæknilega erfiðleika.

Varast skal, að gráður sem þessar geta aldrei verið nákvæmar.



Esja: Gunnlaugsskarð fyrir miðri mynd, Kistufell til hægri. Rásin, sem merkt er Nr.2 er 1. gráðu snjóleið. Leiðin upp á SV-horn Kistufells er einnig dæmi um 1. gráðu snjóklifur. Rás Nr.1 er síðan 2. gráðu snjóleið.

Færi er mjög breytilegt eftir veðurskilyrðum og sumar leiðir eru alls ekki færar nema við góð skilyrði. Hér á eftir fara skilgreiningar á hinum fimm snjó/ísklifur-gráðum:

1. gráða:

Einföld snjóleið. Erfiðleikar litlir. Yfirleitt samfelld brekka eða gil. Getur verið minni háttar hengja í toppinn. Tryggingar yfirleitt ekki nauðsynlegar fyrir vana. Fall getur verið hættulegt.

Dæmi: Kistufell, SV-horn.


Rás Nr.2 vestan Gunnlaugsskarðs í Esju.

2. gráða:

Brött gil með hengjum og/eða íshöftum/hafti. Tryggingar nauðsynlegar. Brattir fjallshryggir, ísaðir, etv. með bröttum köflum.

Dæmi: Rás Nr.1 vestan Gunnlaugsskarðs í Esju.

Skessuhorn, NA-hryggurinn.



Kirkjan: NA-hlíð
Kirkjunnar er einhver erfiðasta ísklifurleið, sem farin hefur verið á Íslandi. Aðeins klifin einu sinni. 4. gráðu ísklifur. Sjá einnig mynd í síðasta tölublaði ÍSALP (Nr 10).

3. gráða:

Erfiðar leiðir, aðeins fyrir vana ísklifrara. Millitryggingar geta verið nauðsynlegar. Brött snjó/ís-höft algeng. Erfiðar hengjur. Heildarbratti oftast mikill.

Dæmi: Tindurinn að norðan. (Sjá mynd á bls. 12 hér í blaðinu)

4. gráða:

Mjög erfiðar leiðir, bratti mikill. Mikið um erfiða kafla, ísveggi - hengjur. Leiðir, sem ekki eru nógu langar til að teljast til hæstu gráðu. Tryggingar etv. lélegar.

Dæmi: Kirkjan í Öræfajökli.

5. gráða:

Erfiðustu ísklifurleiðir. Aðeins fyrir mjög færa ísklifrara. Ekki færar nema við bestu skilyrði. Gjarnan langar. Oft erfitt um öruggar tryggingar.

Dæmi: Engin þekkt enn hérlandis.

Guðjón Ó. Magnússon

Magnús Guðmundsson

NV-hlíð Tindsins

Laugardaginn 28. apríl 1979 klifu þeir Jón E. Rafnsson og Guðjón Ó. Magnússon Tindinn, 1251 m háan klettastapa í Tindfjöllum. Fóru þeir upp hina bröttu norðvesturhlíð, sem ekki hafði verið klíf-in áður (sjá forsíðumynd á 10. tölublaði ÍSALP). Frá blómaskeiði Fjallamanna 1939-47 hefur nokkrum sinnum verið reynt við þessa leið, og er m.a. sagt frá því í árbók F.Í. 1960 bls. 24: „Reynt hefur verið tvívegis að klífa Tindinn að norðan, en bæði skiptin orðið frá að hverfa, því að 30-40 metra kafla efst við brúnina virtist ófær.“

Klifrið var af 3ju gráðu (sjá skilgreiningu á snjó/ís-gráðum hér í blaðinu). Meðalhalli var um 55°. Á einum stað var 4ra metra, 70° bratt íshaft og auk þess smá hengja efst. Leiðin var um 80 m löng og tók klifrið tæpar tvær klst. Bergið þarna var mjög ótraust. Voru því eingöngu notaðar tryggingar í snjó og ís, með ísskrúfum, snjóankeri og ísöxum, enda aðstæður mjög góðar, mikið harðfenni. Veður var kalt þennan dag, norðaustan rok (10 vindstig) og frost um -12°C.

G.Ó.M.

Flugbjörgunarsveitin á faraldsfæti

Ferðin hófst laugardaginn 6. apríl 1979 með því að ekið var norður í Varmahlíð í Skagafirði, en ætlunin var að ganga upp úr Svartárdal í Skagafirði og síðan suður yfir hálendið og koma niður á Laugarvatni. Þeir sem þátt tóku í þessari ferð, voru Benedikt Kristjánsson, Guðjón Ó. Magnússon, Óli R. Gunnarsson og Þór Ægisson, allir félagar í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík.

Í þessari ferð var ætlunin að reyna að hafa sem allra minnstan farangur meðferðis, og byrjuðum við að undirbúa það sl. haust. Eins og flestir vita, er stærsti hluti farangurs í svona vetrarferðum matur og tjald. Til þess að hafa sem minnstan mat meðferðis, fórum við sl. haust með matarbirgðir í nokkra þeirra skála, sem ætlunin var að gista í, en þann mat, sem við tókum með okkur, völdum við einungis með tilliti til þyngdar og næringargildis.

Aðeins eitt tjald höfðum við meðferðis. Það var reyndar ytra tjaldið úr tvöföldu 3ja manna tjaldi. Þetta tjald, af gerðinni Tarfala, var með ásaumuðum snjóskörum og vó aðeins 3 kg með súlum og hælum. Þetta tjald höfðum við meðferðis sem neyðarskýli, en ætluðum annars að gista í skálum eingöngu og lögðum leið okkar með tilliti til þess.

Engan jöklabúnað höfðum við meðferðis utan eina ísöxi, sem komið gat sér vel, ef við þyrftum að höggva spor í brattar fannir eða verjast útillegumönnum, og eina granna línu til að tryggja með, ef við þyrftum að fara yfir ár á ótryggum snjóbrúm. Við vorum í nokkrum vandræðum með að finna hentugar snjóþotur í ferðina, þotur, er voru í senn léttar og beinskreiðar. Vandamálið var nefnilega það, að flestar þær snjóþotur, er á markaðnum voru, höfðu sæti og voru nokkurs konar flatbytnur, þ.e. voru með breiða meiða, sem stýrðu þotunum illa í litlum snjó. Sætið olli því hins vegar, að farangur rúmaðist illa í þeim. Tveir okkar urðu þó að bíta í hið súra epli og taka þess háttar þotur, meðan hinir tveir voru með lengri og mjórri þotur með sléttum botni og mjóum meiðum, sem stýrðu þeim mun betur.

Fatnað gátum við einnig sparað nokkuð við okkur, því stutt var á milli skála, þar sem hægt var að þurrka hann, ef við hefðum lent í bleytu. Að öðru leyti er óþarfi að tíunda meira útbúnað okkar, þar sem hann er að mestu sá sami og gerist í helgarferðum að vetri til.

Þegar öllu hafði verið pakkað niður, lét nærri, að farangurinn væri 22-24 kg á mann og skiptu flestir okkar þyngdinni þannig, að tæpur helmingur var á þotunni, en afganginn bárum við á bakinu og notuðum til þess klifurpoka. Klifurpokar eru frábrugðnir öðrum bakpokum að því leyti, að þeir eru grindarlausir og þannig hannaðir, að þeir liggja þétt að bakinu og fylgja því betur en grindarpokar hinna taktföstu sveiflu skíðagöngumannsins.

Svo við víkjum okkur nú að ferðinni sjálfri, þá komum við í Varmahlíð síðdegis á laugardeginum fyrir pálmásunnudag og fengum að gista í gagnfræðaskólanum. Við eyddum síðan eftirmiðdeginum í matvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga og kvöldinu í að pakka niður. Við liðum síðan auðveldlega inn í draumheima, þrátt fyrir að Skagfirðingar héldu dansleik í næsta húsi.

Vaknað var í birtingu morguninn eftir og Flugbjörgunarsveitin í Skagafirði sá síðan um að flytja okkur fram í Svartárdal, þaðan sem lagt var upp frá bænum Miðdal. Axel bóndi í Miðdal, hressilegur maður á besta aldri, flutti okkur hvern og einn ásamt öllum farangri á bakinu yfir Svartá, sem er straumhörd og grýtt á, allbreið og leggur aldrei á vetrum að því er Axel bóndi tjáði okkur.

Strax og yfir ána var komið, bundum við þoturarnar við okkur og lögðum á brattann. Veður var fremur óhagstætt, vindur í fangið og vaxandi snjócoma og þoka eftir því sem ofar dró. Mjög snjólétt var þarna sem og víðast hvar annars staðar á norðanverðu hálendinu, svo mjög, að leið okkar lá í krákustígum lengi vel. Sá snjór, sem var fyrir, var svo glerharður, að vart markaði í hann með skíðastaf. Hins vegar var ágætt að ganga skíðalaus, og gengum við langar vegalengdir þannig fyrsta daginn. Um 4-leytið þennan dag komum við í fyrsta áfangastað, sem er leitarmannakofi við Aðalmannsvatn og stendur í tæplega 600 m hæð. Við fórum síðan snemma í háttinn, því að markið var sett hátt daginn eftir, en ætlunin var að reyna að komast á Hveravelli í einum áfanga, tæplega 50 km leið.

Á mánudagsmorgun vorum við snemma ferðbúnir. Veður hafði snúist um nóttina og var nú komin hæð NA-gola og ákjósanlegt skíðafæri, því svolítið hafði snjóað um nóttina. Til að byrja með fylgdum við Þingmannahálsi, sem er grýttur melrani, er beygir upp undir Hofsjökul. Við fórum svo yfir hann eftir að hafa fylgt honum nokkra kílómetra, og lentum þá í vandræðum vegna snjóleysis. Snjór var af svo skörnum skammti þar, að undrun sætti, og máttum við víða drösla þotunum yfir berar urðir og mela. Skíðin fóru heldur ekki varhluta af þessari meðferð, og munu nú víða finnast plasthúðaðir steinar, þar sem leið okkar lá um.



Fjórmenningarnir á Hveravöllum

Um hádegi náðum við í Ströngukvíslarskála og höfðum þá farið rúma 20 km. Þar höfðum við skamma viðdvöl, hituðum okkur súpu og héldum svo af stað. Færi fór heldur versnandi eftir því sem nær dró Hveravöllum og vindurinn jókst. Þegar við nálguðumst Blöndu, virtist okkur sem hún væri alauð, og hlökkuðum við lítt til fótabaðsins, sem við töldum okkur eiga von á. Við héldum áfram og stefndum á bugðu á ánni, sem okkur sýndist fram undan. Svo tókum við skyndilega eftir því, að áin var að baki. Höfðum við þá gengið yfir hana á breiðri ís-spöng án þess að verða hennar varir. Litlu síðar komum við að ánni Þegjandi, sem er bergvatnsá, og var enga snjóbrú að finna á henni. Eftir að hafa gengið dálítinn spöl upp með henni án þess að finna snjóbrú, ákváðum við að vaða hana. Var þetta eina áin á hálendinu, sem var íslaus með öllu.

Að Hveravöllum komum við svo um 5-leytið og höfðum þá lagt að baki nálægt 50 km þann dag. Þetta þótti okkur að vonum gott, og voru uppi raddir um það, að rétt væri að slappa af á Hveravöllum eins og einn dag eða svo. En eftir að hafa notið gestrisni hjónanna í veður-athuganastöðinni og farið síðan í sjóðheita laugina á eftir, féllu slíkar bollaleggingar eins og spilaborg.



Siglt í góðum byr yfir ísi lagt Hvítárvatn

Við lögðum því af stað í býti morguninn eftir og höfðum nú byr, sem við gátum nýtt okkur með hjálp seglanna, sérstaklega eftir að halla tók niður úr Kjalhrauni. Sóttist okkur ferðin nú vel, þótt ferðin væri með afbrigðum leiðinleg. Ferðinni var þannig háttað, að undir úfnum og stormrifnum skafsnojó var glæra harðfenni. Fengu margir „snjallir“ skíðamenn þar væna byltu, enda oftast siglt hraðar en geta leyfði. Farangurinn á snjóbotunum fór ekki varhluta af þessum hosingi, og fóru leikar svo, að hluti af pottasettinu ásamt kartöflumús og fleira góðgæti fauk út í buskann. En allir komust heilu og höldnu í Hvítárnes síðari hluta dags og þar beið okkar ýmislegt góðgæti frá því um haustið. Þegar líða tók á kvöldið og menn voru orðnir mettir, tók svefnhöfgi að síga á mannskapinn. Benedikt heimtaði að fá að sofa í draugakojunni frægu, og var það leyfi fúslega veitt. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hans í þá átt að hitta drauginn og hagstæðar ytri aðstæður, svo sem vindgnauð í reykháf og mæni, lét draugsi ekki á sér kræla.

Morguninn eftir var lagt af stað snemma svo sem endranær. Veður var hagstætt, norðan stinningskaldi, léttskýjað og talsvert frost. Þennan dag var ætlunin að fara í Hagavatn, og tókum við því stefnuna þvert yfir ísi lagt Hvítárvatn og á austanvert Skálpanes. Vindurinn þandi seglin og við fukum af stað. Vindur var það norðanstaður, að nauðsynlegt reyndist að sigla beitivind, og var það talsvert erfiði fyrir þann, er vindmegin stóð.

Færi yfir Hvítárvatn var mjög gott, og vorum við fljótir yfir. Er upp í hlíðar Skálpaness kom, versnaði færi mjög. Skiptist þar á svell og úfinn skafsniör. Ekki bætti það úr skák, að vindur færðist mjög í aukana, og áttum við fullt í fangi með að hemja seglin og gáfumst loks upp á þeim. Engu að síður var veðurofsinn orðinn slíkur uppi á háfjallinu, að við áttum erfitt með að hemja okkur, og vart sá milli manna fyrir skafbyl. Þegar fór að halla niður sunnan megin, sáum við Jarlhettarnar, þar sem þær stóðu upp úr skafrenningskófinu. Við vorum því ekki í neinum vandræðum með að finna skálann og vorum komnir þangað um fjögur-leytið síðdegis. Þó hægði það för okkar nokkuð, að síðustu sjö kílómetrana urðum við að ganga skíðalausir sakir snjóleysis.

Ætlun okkar hafði upphaflega verið sú að fara frá Hagavatni í Hlöðufell og þaðan niður á Laugarvatn. Vegna snjóleysis vorum við tilneyddir að hætta við þetta og fara þess í stað stystu leið í byggð, sem var í Haukadal.


Morguninn eftir, þegar gáð var til veðurs, var útlitið ekki sérlega uppörvandi. Enn var sama hávaðarokið, en nú hafði bæst við snjó-koma ásamt sandfoki. Við héldum þó af stað, þar sem við vildum ógjarnan verða veðurtepptir þarna, og auk þess voru ekki nema 17 km í byggð. En við vorum stutt komnir, þegar erfiðleikarnir byrjuðu. Þoturnar kúttveltust og fuku jafnvel í háalof og skelltust síðan í urðina og við það skemmdist ýmislegt, sem á þeim var. Við tókum því það til bragðs að setja allt draslið á bakið, og Þór og Guðjón skildu sínar þotur eftir, kirfilega skorðaðar undir steinum.

Í stutta stund gekk ferðin ágætlega, þrátt fyrir að vindurinn tæki mikið í skíðin, en síðan skall skyndilega á svartabylur ásamt moldroki, og var kófið svo mikið, að lengi vel greindi fyrsti maður ekki síðasta mann í röðinni. Af þessu leiddi, að við fórum hægt yfir, gengum eingöngu eftir áttavita. Við vorum því mikið fegnir, þegar við komum niður í kjarrið fyrir ofan Haukadal. Bæði var það, að moldfokið hætti og vind lægði, og svo vissum við, að skammt hlaut að vera í áfangastað. Litlu síðar komum við niður á veg í kjarrinu, sem lá þvert á stefnu okkar. Við fylgdum honum í suðvestur, og litlu seinna greindum við kirkjuna í Haukadal. Þar voru húsakynni reyndar önnur en við höfðum búist við, því við héldum að þarna væri bær. Þarna er hins vegar aðeins kirkja og enginn sími þar. Það varð því að ráði, að tveir úr hópnum voru sendir niður á þjóðveg til að svipast um eftir bíl frá Flugbjörgunarsveitinni, er átti að sækja okkur í Haukadal. Mikil ósköp, þarna var hann, og þar með voru erfiðleikarnir á enda, páskaferðinni lokið og aðeins kominn skírdagur.

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex

laminate

FATNAÐUR

OG

BAKPOKAR

FRÁ

berghaus



Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Skíðaferð á Gígjökul

Laugardagskvöld 25/4 '79, síminn hringir, það er Arnór:

"Heyrðu, ertu með á Eyjafjallajökul á morgun, ég er að æsa Sigga í að koma með okkur Helga og fleirum úr Klúbbnum?"

"Ég veit ekki, ég þarf að vera snemma heima annað kvöld, afmæli og svoleiðis."

"Sama með mig, á að fara í Þjóðleikhúsið. Hvað ég ætla að sjá? Það veit ég ekkert, veit bara að mér er bannað að líta á stuðlabergið."

Ég slæ til, það er ákveðið að hittast kl. 06⁰⁰, dríf saman búnaðinn, göngu-(inni-)skóna, skíðaskó, skíði, skinn, brodda, exi, línu, belti, goretex-gallann ofl., síðan í rúmið.

Mér tókst að vera á fótum kl. 05⁰⁰, éta, smyrja, sjóða og síðan inn eftir til Arnórs, hringi þar stundvíslega kl. 06⁰⁰ í dyrasímann. Kemur rödd, sem ég kannast ekkert við, held mig hafa hringt vitlausri bjöllu.

"Er þetta ekki hjá Arnóri?"

"Haaaa?"

"Hva, er þetta ekki Dóra?"

"Júúú."

"Er Arnór ekki vaknaður?"

"Ha - nei - ég skal vekja hann."

06²⁰, Sólheimar: Helgi var svo tregur til að vakna úr viðjum Hollywood-drauma, að hann var saltaður í bili.

06³⁰, Skipasund: Siggí var greinilega vaknaður, það rauk svo mikið úr eldhúsinu.

06⁴⁰, Sólheimar: Helgi vaknaður, - en ekki nestið - skítt með það.

06⁵⁰, Breiðholt: Komið hafði í ljós, að við yrðum fleiri en komast í einn Bronco, svo að sækja þurfti júkkann hans Sigga.

07⁰⁰, Ármúlaskóli: Óli mættur, en týndist snögglega. Er hann birtist aftur, hafði hann farið heim eftir skíðastöfum, sem gleymdust. Addi birtist líka fljótlega, þóttist hafa verið tilbúinn kl. sex, en lagt sig þar til hann var sóttur, - mun hafa komist inn í sama Hollywood-drauminn og Helgi var í.

Eftir þennan skemmtilega forleik, sem mér skilst að sé upphaf allra Alpaklúbbsferða, þá var lagt af stað kl. sjö þrjátíu. Gekk ferðin austur bæði fljótt og vel, enda bílstjórnarnir glaðvakandi, annar vegna hrota í Hollywood-dúettinum og hinn vegna skröltsins í tjakknum. Er austur kom, var ég svo móður af að hristast eins og baun í dós í



Á leið upp Gígjökul

Júkknum, að mér leið eins og ég hefði hlaupið alla leið. Er að Gígjöklinum kom, voru menn snöggir að grynka á malnum og binda upp á sig. Var gengið vestan við lónið og út á jökulinn strax ofan við það. Helgi vildi fara upp með jöklinum vestanverðum, en hann fékk engu ráðið þar um, við Arnór vorum eldri og frekari og þar að auki virtist vera ágæt leið upp eftir skriðjöklinum miðjum, var ákveðið á lýðræðislegan hátt að fara hana.

Fyrst lá leiðin eftir breiðum og sléttum jökulbungum nokkurn spöl, var það létt ganga. Síðan tók við allbrött brekka, alsett tignarlegum ísborgum til beggja handa, en illilegar sprungur og ísföll fjær og nær hlíðunum. Nú vorum við komnir á brodda og í línur, en ekki þurfti að óttast sprungur fyrr en upp á brekkubrún kom, að á vegi okkar urðu nokkrar smásprungur. Sama var að segja um hvilft þá, er nú tók við, einu tafirnar, er við urðum fyrir, voru þær, að sífellt þurfti að stoppa til að kasta klæðum, því svo mikill var hitinn og lognið, þótt ekki væri glampandi sól.

Er yfir hvilftina kom, var komið að brekku, heldur breiðari og brattari en þeirri, er að baki lá. Ekki var nein fyrirstaða hér fyrr en uppi á brún, að á vegi okkar urðu einu verulegu sprungurnar í ferðinni. Voru þetta geysidjúpar og breiðar sprungur, jafnvel svo djúpar, að ekki sá í botn sumra. Tók það nokkra stund að finna leið í gegn,



„Á öðru tilverustigi“

enda meirihlutinn stöðugt afvegaleiddur af Helga, sem ennþá vildi komast upp á vesturlandið, þrátt fyrir tíða dynki og drunur úr þeirri átt. Fljótlega handan sprungubeltisins voru skíðin spennt undir og gengið á þeim það sem eftir var, því hér var jökullinn breiðari og flatari en neðar. Samt þurfti að gæta sín nokkuð á sprungum, því að margar voru með snjóþaki, þótt ekki væru þær hættulegar, ef farið var þvert á þær á skíðunum.

Er yfir sléttu þessa kom, tóku við vægar, ósprungnar brekkur á milli Skoltanna, Eystri og Vestri. Var gengið upp þær allhratt, því göngufæri var gott og fátt að varast. Enn var sama ljúfa veðrið nema hvað aðeins kulaði, er ofar dró, og áttum við erfitt með að stöðva klifrið, þótt komið væri fram yfir þann tíma, er ætlað hafði verið að snúa við á, en í 1300 m, á móts við ofanverðan Eystri-Skolt, hættað við göngunni. Var nú skipt um skó, bindingarnar festar í svigstillingu og nærst, meðan við nutum útsýnisins, sem var stórfenglegt, þótt ekki væri víðsýnt, vegna þess að þunn skýjaslæða sveiflaðist um tindinn, Skoltana og barmana og grillti mismikið í gegn í ísbólstra, kletta og fjöll. Allt þetta var svo skreytt sólstöfum og ljósbrotum, því ekki var skýjaslæðan þykkri en þetta, og aldrei virtist hún koma neitt nálægt okkur. Ekki var þó til setunnar boðið, því ekkert

leifði af tímanum. Ekki vorum við heldur tregir til niðurfarar, því nú tók skíðaferðin við, og það jafnast ekkert á við það að renna sér niður ósnortnar brekkur í góðu færi og veðri. Tilfinningin er slík að hún er engu lík. Hugsið ykkur að geysast niður breiðar brekkur í löngum beygjum og stuttum, skjótast kringum ísborgir, jafnvel upp á þær, og reyna að stökkva, þótt stirðbusalegt sé með hlass á baki. Eða þá að krækja fyrir sprungu á slöttungs siglingu, gera lítils háttar grín að náttúruöflunum með fullri virðingu þó. Néi, það þarf sko ekki meira til að koma sálinni á flug, nærri því að gægjast inn í annað tilverustig.

Ég býst við, að okkur öllum hafi verið innanbrjósts eitthvað í þessa veru, enda var létt í mönnum á niðurleiðinni og Helgi tók mikið af myndum og heyrðist tauta: „Skrambinn sjálfur," er hann renndi sér á fullri ferð niður kolsprunginn skriðjökul.

Ferðin niður tók ekki langan tíma, þótt við þyrftum að taka af okkur skíðin, meðan farið var yfir versta sprungusvæðið. Niðri við bíl vorum við um fimm-leytið og heima klukkan sjö. Eitt er víst, að dagurinn verður minnisstæður og mun standa upp úr hversdagsleikanum ásamt öðrum ánægjudögum undanfarinna ára, sem ég hef átt á fjöllum í góðra vina hóp.

Allir komu þeir aftur,
og enginn í sprungu fór.
Ánægðir út að eyrum
allir þeir sungu í kór.

Skrifað í loftköstum norður í land.

Sigmundur K. Ríkharðsson

Bjargað úr N-hlíð Eiger

Sex breskir fjallgöngumenn, sem gerðu tilraun til að klífa hinn hrikalega, 1800 m háa norðurvegg Eigertinds í febrúar sl., gáfust upp aðeins 200 m frá tindinum og voru hífðir upp í þyrlu á 9. deginum í veggnum.

Fjallgöngumennirnir, Simon McCartney 23ja ára, Steven Haston 21 árs, Anthony Saunders 29 ára, David Cuthbertson 29 ára, William Barker 35 ára og Howard Lancashire 26 ára, sem allir eru þrautþjálfaðir fjallgöngumenn, byrjuðu klifrið vel og á 3ja degi voru þeir komnir það hátt, að niðurför yrði álíka torsótt og áframhaldandi klifur.

Þegar þeir reyndu að komast þvert yfir ísfoss þann daginn, hrapaði Steven. „Ísfossinn hafði verið klifinn í flýti," sagði Steven, „og þegar ég var kominn út í hann miðjan, féll ísinn út frá berginu og ég með. Ég féll 10 m áður en línan tók fallið. Ég kom til sjálfs mín, starandi á þorpið niðri í dalnum, 2600 m neðar. Ég hef alltaf verið taugaóstyrkur í mikilli hæð, en ég áttaði mið fljótlega og kom mér að berginu eins fljótt og ég gat, svo að áfallið næði ekki yfirhöndinni á mér."

Simon McCartney sagði, að þeir hefðu neyðst til að klífa án vettlinga á ísuðum klettunum, og því hefði hann kalið. „Öll húð var farin af höndunum á mér - hún hafði orðið eftir á klettum og ís." Hann sagði einnig: „Það tók okkur eitt sinn meira en tvær klst. að klífa eina línulengd. Þann daginn komumst við aðeins 100 m."


Leiðangurinn tókst á við tvo af dauðastöðum norðurveggjarins, „Breiðuna" (the ramp), en það er 450 m veggur af ís, og „Leið Guðanna" (the traverse of the gods). En það var á „Hvítu köngulónni," sem þeir ákváðu að gefa tilraunina upp á bátinn. Þeir náðu lítilli syllu í myrkri: „Við áttum þjáningarfulla nótt" sagði Simon. „Snjóskriðurnar kepptust við að fleygja okkur af fjallinu og við þurftum sífellt að fara á fætur og hreinsa frá tjaldinu okkar."

„Svefnpokarnir okkar voru frosnir, sömuleiðis skórnir okkar, myndavélarnar og filmurnar. Við vöknudum næsta dag - þann áttunda - og ákváðum að hætta við tindinn, það væri of áhættusamt. Frostið var -30°C . Við höfðumst við í pokunum uns okkur var bjargað."

„Þetta var verstí dagurinn, ég hélt við myndum ekki hafa það af," sagði Steven Haston.


Eftir björgunina var farið með þá á spítala í Steckelberg, þar sem gert var að sárum þeirra, en þess má geta, að Simon McCartney lagði aftur á vegginn eftir spítalavistina, sex vikum síðar, ásamt einum félaganum sínum. Klifu þeir vegginn á einni viku.

Snævarr Guðmundsson

REPRO		LINDARGÖTU 48
OFFSETVINNA		
PRENTHÖNNUN		25210

Jöklaskálar

Á sl. vetri lét Jöklarannsóknafélagið smíða tvo skála, sem síðan var komið fyrir við Fjallkirkju á Langjökli og á Goðahnúkum á Vatnajökli. Var öll vinna við smíðina unnin í sjálfboðavinnu af félögum Jöklarannsóknafélagsins. Skálar þessir eru 15 m^2 að stærð og taka 12 manns í kofur. Fyrri húsið var flutt um síðustu páska á Langjökul og sett niður í 1200 m hæð við Fjallkirkjuna (1228 m), klettastapa 4,5 km A-ASA af hábungu Langjökuls (1355 m). Nefndu Jöklarar húsið Kirkjuból. Til nánari staðsetningar er Fjallkirkjan efst í fjallsrana, sem gengur frá Hrútfelli upp í Langjökul. Skálinn gerir Langjökul mjög ákjósanlegan til skíðaiðkana og gerir ferðir á þessar slóðir á allan hátt þægilegri en áður var.



Kirkjuból „á leiðarenda," Fjallkirkjan í baksýn.

Seinna húsinu, Goðheimum, var komið fyrir á Goðahnúkum í 1500 m hæð, austast á Vatnajökli, 3 km VSV af Grendli (1570 m). Goðahnúkar eru fyrir botni Lambatungujökuls, efst á Goðahrygg. Svæði þetta er vel fallið til skíðaiðkana, stutt að Snæfelli og í Lónsöræfi.

Gistigjöld skal greiða gjaldkera JÖRFÍ. Skálarnir gætu orðið íslenskri fjallamennsku til framdráttar, verði þeir notaðir af fjallamönnum. Er Jöklarannsóknafélaginu hér með þökkuð framtakssemin.

Magnús Guðmundsson

Ferðir og fundir ÍSALP

Nýjung í þessari áætlun er, að á hverju miðvikudagskvöldi, þegar er opið hús að Grensásvegi 5, er boðið upp á smá efni, fræðslu, myndir eða kynningu á ferðum, um hálf tíma í senn. Síðan geta menn rætt málin á eftir. Félagsfundir og opið hús hefist kl. 20³⁰ að Grensásvegi 5 nema annað sé auglýst. Eru félagsmenn hvattir til að bjóða gestum með.

20.-22. júlí, föstud.-sunnud: Þórisjökull-Prestahnúkur:

Rætt verður um ferðina miðvikud. 11. júlí á Grensásvegi 5. Þátttakendur skrái sig á lista á Grensásvegi 5 eða komi á fundinn. Fararstjóri: Hreinn Magnússon, s. 20286.

1. ágúst, miðvikud: Félagsfundur:

Helgi Ben. og félagar sýna myndir og útbúnað frá McKinley, hæsta fjalli Norður-Ameríku, sem Íslendingar sigruðu nýlega. Staður auglýstur síðar í félagsmáladálki Morgunblaðsins.

15. ágúst, miðvikud: Opið hús:

Ingvar Teitsson og Þór Ægisson sýna myndir frá Kerlingarfjöllum, rætt verður um Kerlingarfjallaferð.

17.-19. ágúst, föstud.-sunnud: Kerlingarfjöll:

Svæðið býður upp á snjóklifur af 1. og 2. gráðu, erfitt ísklifur og jöklaferðir. Menn geta hugsanlega tekið sig saman og skroppið á Kerlinguna (sjá forsíðumynd 7. tölublaðs ÍSALP). Fararstjóri: Guttormur B. Þórarinsson.

22. ágúst, miðvikud: Opið hús:

Ingvar Teitsson og Guðjón Ó. Magnússon sýna myndir úr klúbbsferð á Botnssúlur sl. vor.

29. ágúst, miðvikud: Opið hús:

Sýndar verða myndir af Hafnarfjalli og Skarðsheiði. Rætt um ferðina á Hafnarfjall og Skarðsheiði.

1.-2. sept., laugard.-sunnud: Hafnarfjall-Skarðsheiði:

Könnunarferð. Hafnarfjall er víða hrikalegt og fáir hafa skoðað það. Norðvesturveggur Skarðsheiðar verður skoðaður og farið á Heiðarhorn, ef tími vinnst til. Fararstjóri: Torfi Hjaltason.

5. sept., miðvikud: Opið hús - Hnútar

Leiðbeint verður um gerð hnúta og meðferð lína.

12. sept., miðvikud: Opið hús:

Hreinn Magnússon sýnir myndir af klifri og jöklaferðum.

19. sept., miðvikud: Félagsfundur:

Jón Baldursson ræðir um klettaklifurútbúnað. Sýndar verða myndir eftir Peter Livesey, gefnar út af British Mountaineering Council. Rætt um klettaklifurnámskeið á Þingvöllum.

22.-23. sept., laugard.-sunnud: Klifurnámskeið:

Námskeiðið verður á Þingvöllum, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Leiðbeinandi: Einar Hrafnkell Haraldsson.

26. sept., miðvikud: Opið hús:

Björgvin Ríkharðsson sýnir myndir frá skíðagönguferð yfir Kjöl síðastliðið vor.

Styrktaraðilar

PLASTPRENT HF.

Höfðabakka 9, sími 85600

MÓNA LÍSA

Laugavegi 19, sími 17445

RADIÓBÚÐIN

Skipholt 19, sími 29800

EFNALAUGIN HRAÐHREINSUN

Súðarvogi 7, sími 38310

ÍSLENSKIR SJÁVARRÉTTIR

Smiðjuvegi 18, sími 76280

NÝJA BÍLASMÍÐJAN HF.

Hamarshöfða 5-7, sími 82195



VERSLUNIN DALVER

Dalbraut 3, sími 33722

BÆJARLEIÐIR HF.

Langholtsvegi 115, sími 33500


VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



MoAc



ajungilak.



Blacks
of Greenock

ultimate

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉERVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík